



Sveitarfélagið
ÁRBORG

STARFSSKÝRSLA



Leikskólinn Álfheimar

2021 – 2022

VIRÐING – HLÝJA - TRAUST



Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Skólastarfið 2020-2021.....	5
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun skólaársins 2020-2021	6
2.1. Innra mat leikskólans.....	6
2.1.1. Foreldrakönnun	6
2.1.2. TRAS og Ferilmöppur.....	6
2.1.3. Foreldrasamtöl.....	6
2.1.4. Starfsmannasamtöl.....	7
2.1.5. Endurmat deilda	7
2.1.6. Endurmat stjórnenda.....	7
2.1.7. Endurskoðun skólanámskrár.....	7
2.1.8. Umbótaætlun	7
2.1.9. Námsvið og daglegt starf	8
2.1.9. Hljóm-2	11
2.2. Matsáætlun	13
3. Börn, foreldrar og annað samstarf	15
3. 1. Barnahópurinn.....	15
3.1.1. Fjöldi barna sem nutu sérstaks stuðnings	15
3.1.2. Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála	16
3.2. Foreldrasamvinna.....	16
3.2.1. Foreldraráð.....	16
3.2.2. Foreldrafundir	16
3.2.3. Foreldrasamtöl	16
3.2.4. Foreldrafélag	16
3.3. Fréttabréf	16
3.4. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf	16
3.4.1. Samstarf við skólajónustu Árborgar.....	16
3.4.2. Samstarf leik- og grunnskóla	16
3.4.3. Samstarf við háskóla	17
3.4.4. Annað samstarf	17
4. Starfsmannamál	18
4.1. Stjórnskipan Álfheima 2020-2021.....	18
4.2. Fundir	18
4.3. Símenntun starfsmanna	19



Starfsskýrsla Álfheima 2021-2022

4.3.1. Skilgreining á símenntunarpörf.....	19
4.3.2. Mat á árangri	19
4.3.3. Fjármögnun símenntunar.....	20
4.3.4. Yfirlit yfir símenntun skólaársins 2020-2021.....	20
5. Starfsáætlun skólaársins 2021-2022.....	22
5.1. Símenntunaráætlun 2022-2022	22
5.2. Námsáætlanir	23
5.2.1. Huldusteinn og Mánasteinn.....	23
5.2.2. Álfasteinn.....	25
5.2.3. Dvergasteinn.....	26
5.2.4. Óskasteinn og Völusteinn	28
6. Fylgiskjöl	32
Samþykki foreldraráðs.....	33

Leikskólinn Álfheimar

Heimilisfang: Sólvöllum 6, 800 Selfoss

Aðalsímanúmer: 480-3242

Netfang: alfheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://alfheimar.arborg.is/>

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30



Inngangur

Í samræmi við 5. grein um leikskóla frá árinu 2008 kemur fram að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitafélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna.

Í þessari skýrslu gefur að líta starfsáætlun leikskólans Álfheima skólaárið 2021–2022 ásamt skýrslu um skólaárið 2020-2021. Byrjað er á því að gera skil á síðastliðnu skólaári 2020-2021, en í seinni hluta skýrslunnar er starfsáætlun Álfheima fyrir skólaárið 2021-2022. Starfsáætlunin er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Starfsáætlunin er samin í samráði og samvinnu við kennara leikskólans. Hún hefur að geyma hlutverk Álfheima þar sem einkunnarorð leikskólans koma fram en þau eru: *Virðing, hlýja, traust*. Einnig má sjá viðfangsefni skólaársins, umbótaáætlanir og símenntunaráætlun leikskólans.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Að vori er skólastarfið metið og umbótaáætlun gerð í kjölfarið. Niðurstöðurnar munu jafnframt birtast í þessari starfsskýrslu til að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári.

Starfsskýrsla leikskólans tekur gildi 1. október ár hvert og skal skilað til Skólalþjónustu Árborgar og lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn.

Selfoss, 15. nóvember 2021

Jóhanna Þórhallsdóttir
Leikskólastjóri Álfheima

Einkunnarorð Álfheima

Virðing, hlýja, traust



1. Skólastarfið 2020-2021

Skólastarfið í Álfheimum veturinn 2020-2021 var að flestu leyti mjög óvenjulegt vegna sóttvarna og takmarkana vegna Covid-19. Um leið er þetta nýr veruleiki og margt starfsfólk og börn sem þekkingu starfið ekki öðruvísi en með þessum takmörkunum.

Veturinn 2020- 2021 stunduðu um 120 börn nám í Álfheimum og voru þau fædd á árunum 2015-2019. 39 börn útskrifuðust úr Álfheimum 14. júní 2020 og í tilefni af útskrift fóru þau í útskriftarferð 26. maí að Sólheimum í Grímsnesi.

Á skólaárinu voru starfsmenn í leikskólanum 48 í mismiklu starfshlutfalli þar af 8 leikskólakennarar, 7 með aðra háskólamenntun, 3 leikskólaliðar og aðrir með grunn- og/eða framhaldsskólapróf. Þá voru 4-5 starfsmenn í leikskólakennaranámi, ýmist í grunnnámi eða framhaldsnámi.

Símenntun og starfsþróun öll er mikilvæg í skólastarfi og á skólaárinu hefur starfsfólk leikskólans sótt fjölbreytt námskeið fyrir utan þá fræðslu sem boðið er upp á fyrir allt starfsfólk á skipulagsdögum. Tækifæri til símenntunar voru þó að einhverju leyti fábreyttari en áður vegna Covid.

Leikskólinn Álfheimar er Grænfánaleikskóli og leggur áherslu á útinám og tekur leikskólinn þátt í alþjóðlega verkefninu Skólar á grænni grein sem Landvernd rekur hér á landi. Leikskólinn hefur fengið Grænfánann níu sinnum. Umhverfissáttmála Álfheima má nálgast á heimasíðu leikskólans.

Skógarferðir leikskólans hafa fest sig í sessi og einu sinni í viku fara börnin í skógarferð, lengd og staðsetning fer eftir aldri barnanna og þau yngstu byrja á að fara út á Engi. Einu sinni í mánuði fundar umhverfisráð Álfheima en í því eru fulltrúar starfsfólks frá öllum deildum, sérgreinastjóri útikennslu, leikskólastjóri, einn fulltrúi foreldra og börn úr elsta árgangi skólans. Gullin í grenndinni sem er samstarfsverkefni Álfheima og Vallaskóla féll að mestu niður í vetur vegna Covid-19 en þó náðist að fara í eina ferð. Þar hittust tveir elstu árgangar leikskólans og börn úr yngstu bekkjum Vallaskóla.

Endurmat á skólastarfinu fer reglulega fram bæði á hverri deild og í skólanum í heild. Í ár var gerð foreldrakönnun á vegum Skólaláttamálsins. Endurmat er nauðsynlegt svo hægt sé að þróa starfið og gera úrbætur.



2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun skólaársins 2020-2021

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitafélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi, og þar með markmið innra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Innra mati er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðslufirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aldrei er hægt að skoða allt skólastarfið í einu því það er flókið og margþætt. Ef vel á að takast er mælt með að taka fyrir nokkra þætti í einu, þ.e. lítið umfang, meðan starfsfólk er að tileinka sér verklag innra mats. Mikilvægt er að gera áætlun fram í tímann til að tryggja að matið ná til allra sviða skólastarfsins og mælt er með 3 – 5 árum í það ferli. Matsþáttunum er raðað á áætlunina sem afmarkar þau matssvið sem taka á fyrir á hverju ári. Mikilvægt er þó að endurskoða áætlunina á hverju ári því oft koma upp brýn málefni sem taka skal fyrir. Stjórnendateymi leikskólans sér um að útfæra matsspurningar sem notaðar verða í matinu. Til eru margar góðar leiðir til að meta skólastarf og hér er dæmi um nokkrar:

- Starfsmannasamtöl.
- Foreldrasamtöl.
- Spurningalistar til starfsfólks og foreldra.
- Mat barna á skólastarfinu. (Broskarlakönnun og spurningakönnun)
- Niðurstöður og úrbótaáætlun birtist síðan í starfsskýrslunni og á heimasíðu leikskólans.

2.1. Innra mat leikskólans

Mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á stjórnendafundum þar sem leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, sérgreinastjóri útikennslu og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og umbótaáætlunum.

2.1.1. Foreldrakönnun

Skólapúlsinn lagði fyrir foreldrakönnun á skólaárinu og unnu starfsmenn leikskólans úr þeim niðurstöðum og settu af stað viðeigandi umbætur.

2.1.2. TRAS og Ferilmöppur

TRAS málþroskaskráning og ferilmöppur hvers barns eru leiðir sem notaðar eru til að fylgjast með námi og þroska hvers barns. Þar að auki gefa þessi verkfæri okkur tækifæri til að fylgjast með líðan og þörfum leikskólabarna, skoða þær námsaðferðir sem við notum og hvort og hvernig þær ganga. Í kjölfarið á því eru gerðar breytingar ef þarf t.d. á námsáætlunum og skipulagi.

2.1.3. Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl fara fram tvisvar á ári. Foreldrasamtöl gefa mikilvægar upplýsingar um líðan og þarfir hvers barns og hvort og hvernig leikskólaumhverfið er að mæta þörfum hvers barns. Í kjölfar foreldraviðtala gera deildarstjórar þær umbætur og breytingar sem þörf er á.



2.1.4. Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl voru að mörgu leyti óhefðbundin þennan veturinn. Vegna sóttvarnarráðstafana fóru flest samtalanna fram rafrænt, og þar að auki náðist ekki að taka viðtöl við allt starfsfólk. Í starfsmannasamtölum er meðal annars rætt um starfsþróun hvers og eins.

2.1.5. Endurmat deilda

Á deildarfundum var starf hvorrar deildar metið jafnt og þétt yfir veturinn. Um áramót og að vori voru markmið og leiðir í hverju námssviði endurmetin og endurskoðuð eftir aðstæðum.

2.1.6. Endurmat stjórnenda

Á stjórnendafundum og í starfi leikskólastjórnenda dag frá degi er stöðugt endurmat í gangi. Má þar meðal annars nefna mannauð, tíma og skipulag alls leikskólans. Eftirlit með fjármagni og búnaði er í raun á hverjum degi auk mánaðarlegrar skýrslu er varðar fjármagn og er að mestu leyti í höndum leikskólastjóra.

2.1.7. Endurskoðun skólanámskrár

Skólanámskrá leikskólans var í endurskoðun skólaárið 2021-2022 og stefnt að endurútgáfu í janúar 2022

2.1.8. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun sem unnin var eftir foreldrakönnun vorið 2021

Tækifæri til umbóta eftir foreldrakönnun
<i>Samskipti og upplýsingaflæði</i>
<ul style="list-style-type: none">Allt starfsfólk fyllir út tengslakönnun gagnvart foreldrum tvisvar sinnum á önn.Allt starfsfólk leggur metnað sinn í að taka vel á móti öllum börnum og foreldrum.Allt starfsfólk reynir eftir aðstæðum að gefa sér tíma í foreldrasamskipti.Allt starfsfólk fyllir út tengslakönnun við börn tvisvar sinnum á önn.Allt starfsfólk sé alltaf meðvitað um að líkamstjáningu sem við sendum frá okkur bæði til barna og foreldra.Allt starfsfólk leggi sig fram um að heilsa og kveðja börn, foreldra og samstarfsfólk á hverjum degi.Starfsfólk lesi töflu og tölvupóst til að fá allar upplýsingar.Notum Sway fréttabréf í auknum mæli til að kynna það starf sem fram fer á deildunum.Deildarstjórar kynni fyrir foreldrum hvenær og hvernig þeir eru með vikulega viðtalstíma.
<i>Stjórnun</i>
<ul style="list-style-type: none">Stjórnendur sendi reglulega út fréttir til foreldraMyndir af öllu starfsfólki leikskólans séu sýnilegar við allar deildirStjórnendur leggi sig fram um að vera sýnilegir
<i>Annað</i>
<ul style="list-style-type: none">Stjórnendateymi og allt starfsfólk leiti leiða til að gera starfið í leikskólanum sýnilegra fyrir foreldrum og öðrum sem áhuga hafa. T.d. hafa ferilmöppurnar oftast sýnilegar, benda foreldrum á skógarbækur, myndverk barnanna hangi til sýnis.Foreldrum sendir reglulega stuttir punktar um leikskólastarfið, t.d. varðandi námsmat.Halda áfram að virkja heimasíðuna, setja þar dagskipulag og "skemmtilegri" fréttir.Skoða hvort ætti að gera könnun til foreldra um heppilegar tímasetningar fyrir viðburði sem foreldrum er boðið á.



2.1.9. Námssvið og daglegt starf

Í janúar fóru allar deildir yfir sín markmið fyrir skólaveturinn og gerðu breytingar ef á þurfti að halda. Í maí og júní 2021 unnu allir starfsmenn endurmat á starfi vetrarins. Í heildina litið var flestum markmiðum vetrarins náð, en ljóst er að Covid tímabilið hafði heilmikil áhrif á skólastarfið í heild. Hér fyrir neðan má sjá hluta af niðurstöðum.

Endurmat á deildum vor 2021
Matmálstímar
<p><i>Álfasteinn</i> - Hefur gengið vel. Kennarar rúlla vikulega á milli borða. Ákveðnar reglur með matarborðið sem börn og starfsfólk fer eftir. Börnin ganga frá eftir sig eitt í einu og hefur það reynst vel.</p> <p><i>Dvergasteinn</i> - Gengur mjög vel</p> <p><i>Óskasteinn og Völusteinn</i> - Hefur gengið vel, viljum fjölbreyttari morgunmat. Spurning hvort hægt sé að hafa grautinn tilbúinn fyrr. Leiðinlegt að geta ekki haft umsjónarmenn (borðþjóna) í vetur. Umræða um hlaðborð og fjölda borða. Vantar fjölbreytni í nónhressingu og ekki bónusbrauð.</p> <p><i>Mánasteinn</i> - Morgunmatur ætti að vera búinn fyrir 9. Skammtastærðir of litlar sem gera það að verkum að starfsfólk þarf of oft að sækja meira. Vantar meiri fjölbreytni í matseðli og meira soðið grænmeti. Börnin borða ekki vel í nónhressingu, vantar fjölbreytni og áleggsúrval.</p> <p><i>Huldusteinn</i> - Matmálstímar ganga almennt vel, kennarar rúlla milli borða í hádegismat. Börnin dugleg að skammta sér og ganga frá. Vantar hollari mat og meira úrval af áleggi.</p>
Frjáls leikur inni
<p><i>Álfasteinn</i> - Hefur gengið vel. Mættu bjóða upp á fjölbreyttari verkefni/dót. Höfum verið duglegar að skipta börnunum upp í minni hópa og nýtt öll herbergi vel.</p> <p><i>Dvergasteinn</i> - Þarf að skipta um dót</p> <p><i>Óskasteinn og Völusteinn</i> - Oft sem fer í læti og ráp, þarf meiri stýringu. Skipta oftar um verkefni og fara yfir leikföng, margt sem má fara út og endurvinna.</p> <p><i>Mánasteinn</i> - Gengur vel ef börnunum er skipt niður.</p> <p><i>Huldusteinn</i> - Gengur vel þegar börnunum er skipt niður í minni hópa og allar stofur og rými nýtt.</p>
Frjáls leikur úti
<p><i>Álfasteinn</i> - Börnin eru mjög flott í frjálsum leik úti. Þau nýta umhverfið og hugmyndaflugið. Við mættum vera duglegri að taka þátt í leiknum með þeim úti.</p> <p><i>Dvergasteinn</i> - Þarf að passa að fara bara með ½ deild út í einu. Vantar skóflur</p> <p><i>Óskasteinn og Völusteinn</i> - Gengið mjög vel, börnin til fyrirmyndar þar, una sér og dugleg að finna verkefni.</p> <p><i>Mánasteinn</i> - Gengur mjög vel</p> <p><i>Huldusteinn</i> - Gengið mjög vel, öll börn njóta sín. Útiveran og leikurinn hefur gengið vel í vetur.</p>
Lestrarstundir
<p><i>Álfasteinn</i> - Hefur gengið mjög vel og allir staðið sig vel í að lesa og ræða innihald bókanna með börnunum. Börnin eru flest farin að njóta þessara stunda og leitast í að skoða bækur.</p> <p><i>Dvergasteinn</i> - Þurfa betri undirbúning og þarf að framkvæma.</p> <p><i>Óskasteinn og Völusteinn</i> - Gangu vel í minni hópum, gengur betur á Völusteini, ná betur utan um og lesa meira.</p> <p><i>Mánasteinn</i> - Gengur vel</p> <p><i>Huldusteinn</i> - Hefur stundum gleymst að lesa í daglegu starfi. Ætlum að bæta úr því og lesa eftir matmálstíma.</p>
Hópastarf



Álfasteinn - Kennarar rúlla í hópastarfi. Erum með mánaðarlegar námsáætlanir tengdar þema hvers mánaðar. Hefur gengið vel.
Dvergasteinn - Þarf betri undirbúning. Var að komast á skrið fyrir sóttkví.
Óskasteinn og Völusteinn - Gengur vel, Hringekjan gekk vel.
Mánasteinn - Gengur vel
Huldusteinn - Gekk vel í vetur, stundum dottið niður út af covid. Mörg þemaverkefni og þau hafa gengið vel.

Hvíld

Álfasteinn - Gengur almennt vel. Erum með tvískipta hvíld og þær stytta í 30-40 mín eftir að börnin hættu að sofa.
Dvergasteinn - Gengur vel.
Óskasteinn og Völusteinn - Gengur almennt vel en misvel fer eftir því hve mörg börn á starfsmann.
Mánasteinn - Gengur vel. Börnin sofa vel
Huldusteinn - Innri hvíld hefur gengið mjög vel en í fremri hvíld hefur fjölgað hratt í barna hópunum.

Tækifæri til grófhreyfinga

Álfasteinn - Góð. Skipulagðar skógarferðir vikulega, Engi og útisvæði vel nýtt til grófhreyfinga. Vantar salinn.
Dvergasteinn - Söknum salsins en nýtum innviði deildar vel.
Óskasteinn og Völusteinn - Mörg tækifæri og góð, erum framarlega þar, úti, inni og júdósalur.
Mánasteinn - Gengur vel, hlaupa í litla herbergi, útivera.
Huldusteinn - Júdósalur, gönguferðir, útivera, íþróttir á ganginum. Höfum verið mjög duglegar í grófhreyfingum með börnunum.

Tækifæri til fínhyfinga

Álfasteinn - Gengur vel og aðgengi barnanna að fínhyfi vinnu er gott. Þurfum að hvetja þau börn sem ekki sækja í fínhyfi vinnu en setja raunhæfar væntingar.
Dvergasteinn - Einhæf, þarf að finna fleiri verkefni.
Óskasteinn og Völusteinn - Mörg tækifæri.
Mánasteinn - Fá mörg tækifæri, púsla, lita, kubba.
Huldusteinn - mjög góðar. Börnin hafa aðgang að mjög mörgum fínhyfi æfingum, púsl, litir, pinnar, perl, þræða á band o.fl. Höfum verið í fínhyfingum í hópastarfi líka.

Þemaverkefni

Álfasteinn - Vinaverkefni. Verkefni tengd farartækjum og ferðamáta. Stefnt að verkefni um líkaman og tilfinningar en því seinkaði vegna covid.
Dvergasteinn - Hefur ekki gengið vel.
Óskasteinn og Völusteinn - Hefur gengið vel. Lýðheilsuþemað gengið mjög vel.
Mánasteinn - Gengur vel. Grænmetisfræðsla gengur vel. Auka hreyfing gengur vel. Börnin alltaf hvött til sjálfstæðis. Jóga í vinnslu, bætum okkur þar og í skipulögðum stundum á Engi.
Huldusteinn - Fjölmennningarverkefni gekk mjög vel, hollt matarræði, bjóða börnunum ávexti og grænmeti. Moltugerðin og rækta plöntur.

Undirbúningstímar

Álfasteinn - Almennt gengið vel. Fer eftir mönnun hvernig undirbúningar ófaglærða gengur.
Dvergasteinn - Hefur almennt gengið vel en þyrftu að nýtast deildinni betur.
Óskasteinn - Gengið vel - misvel hjá deildarstjóra
Völusteinn - Gengið mjög vel.



Mánasteinn - Gengur vel.

Huldusteinn - Gengið vel, deildarstjóri tekur stundum vinnuna með heim. Ef ófaglærðir komast ekki þá er fundinn nýr tími.

Stoðþjónusta/sérkennsla

Álfasteinn - Ekki gengið vel, ekki nægilega mannaðar til að sinna einstökum börnum. Teljum þörf á frekari aðstoð, fá verkefni frá sérkennslstjóra eða öðrum fagaðila til þess að vinna eftir.

Dvergasteinn -

Óskasteinn og Völusteinn - Stundum/oft erfitt að finna stað til að vera á í einstaklingsþjálfun.

Mánasteinn - Covid

Huldusteinn - Gengið ágætlega. Nýja skipulagið fyrir sérkennslu er gott og við erum bjartsýn fyrir að það virki.

Skógarferðir - Gullin - Friðland

Álfasteinn - Vinnutímastytting flækti skipulag við skógarferðir og hefur gengið verr að fara í þær, má ekkert út af bregða. Gullin og Friðland eiga ekki við um Álfastein

Dvergasteinn - Hefur gengið illa að komast í skógarferðir í vetur. Erum að vinna með nýtt plan.

Óskasteinn og Völusteinn - Hefur gengið vel, en fataklefinn og klósettaðstaða þröngt, sérstaklega þegar 2 hópar að fara í skóginn. Vegna Covid var bara farið í eina fer í Gullin. Friðlandið mjög gott, kærkomin viðbót í fjölbreytni. Þarf að muna að nýta vel svæðið og kynna næsta hóp inn með þeim sem eru að hætta.

Mánasteinn -

Huldusteinn - Höfum farið út á Engi og þær ferðir hafa gengið vel. Fórum 2x í skóginn og veiddum síli. Viljum vera með markvissari þema í skógarferðum. Huldusteinn fer hvorki í Gullin né Friðland

Samverustundir

Álfasteinn - eru einu sinni á dag, helst skipt í tvennt og þá gengur vel. Söngstund gengur vel ef við náum að skipta barnahópum í tvennt. Börnin eru farin að sýna meiri áhuga og taka almennt þátt í söng og hreyfingum.

Dvergasteinn - Ganga misvel. Þurfa betri undirbúning. Söngur verið einhæfur, þurfum að koma með fjölbreyttari lög.

Óskasteinn og Völusteinn - Hefur gengið misvel, ekki gengið eins vel í stórum hóp. Gengið betur í skiptum samverustundum fyrir hringekju. Í söng vantar hljóðfæraleikara, gott þegar Soffia er. Sum börnin mjög áhugasöm að syngja, hentar ekki öðrum.

Mánasteinn - Ganga vel. Börnin farin að taka undir í söng og syngja sjálf utan söngstunda.

Huldusteinn - Gengið mjög vel, hópnum skipt upp. Söng/tónlistarstarf með Guðnýju mjög gott og gengið mjög vel.

Málörvun

Álfasteinn - Málörvun allan daginn meðal annars í spjalli og hlustun, mikið lesið, sungið, setjum orð á athafnir. Vinnum með hljóðin (Lærum og leikum með hljóðin), ríma og þulur.

Dvergasteinn - Hefur verið ábótavant. Erum að vinna í að innleiða orðaspjall. Erum nýlega byrjuð með borðapulur. Börnin erum mjög áhugasöm um rím en það hefur verið í kassavinnu. Þarf að koma kassavinnunni aftur í gang, þar er unnið með ýmsa þætti hljóðkerfisvitundar og mikil málörvun.

Óskasteinn og Völusteinn - Málörvun hefur gengið mjög vel, hefur verið inni í hringekju.

Mánasteinn - Skipulögð málörvun 4x á dag í stutta stund. Allan daginn í samskiptum. Erum að æfa rím, klappa atkvæði og fara í Lubbastundir 1x í viku. Tákn með tali gengur vel, eru með 4 tákn í hverjum mánuði.



Huldusteinn - Samræður í barnahópnum, markviss málörvun einu sinni í viku í hópastarfi en málörvun alla daga. Höfum tekið eftir miklum framförum. Nokkur börn í einstaklingsþjálfun. Höfum verið með vísu/þulu vikunnar og er nýkomið í gang aftur. Unnum mikið með rím í hópastarfi en það hefur dottið niður undanfarið. Lubbahljóðin í tónlistarstund og Tákni með tali þarf að bæta og nota með öllum börnum. Höfum verið að klappa atkvæði.

Námsmat

Álfasteinn - TRAS hefur gengið mjög vel. Fastur starfsmaður sem sinnir því ásamt undirbúning tengdu TRAS í samráði við aðra starfsmenn á deild. Ferilmöppur ekki tilbúnar.

Dvergasteinn – TRAS-ið var á réttu róli fyrir sóttkví og veikindi í kjölfarið. Ferilmöppur eru ekki tilbúnar.

Óskasteinn og Völusteinn - TRAS gekk vel í vetur, og ferilmöppur svo gott sem tilbúnar.

Mánasteinn - TRAS gengur vel og ferilmöppur í vinnslu

Huldusteinn - Hefur gengið vel að TRAS-a. Ferilmöppur alltaf í vinnslu.

Covid - viðbrögð

Álfasteinn - Hefur gengið ágætlega. Allir hafa lagt sitt að mörkum að aðlagast breyttum verkferlum. Eins hafa allir lagt sig fram við einstaklingsbundnar sóttvarnir.

Dvergasteinn -

Óskasteinn -

Völusteinn -

Mánasteinn - Viðbrögð frá Árborg og upplýsingaflæði gott. Erfitt að senda fólk að vinna í öðru sóttbólfi ef ekki má fara á milli.

Huldusteinn - Farið eftir fyrir mælum frá stjórnendum. Mættum vera duglegri að sótthreins hurðarhúna og fleira. En hefur gengið vel.

Annað

Álfasteinn - Vinnustytting hefur verið krefjandi verkefni. Erum að læra að aðlaga okkur að henni. Höfum líka þurft að aðlaga okkur að breyttum og lengri undirbúningstímum. Covid-19 hefur líka sett stórt strik í vinnu vetrarins. Eins hefur ekki gengið nægilega vel að halda reglulega deildarfundi.

Dvergasteinn -

Óskasteinn -

Völusteinn -

Mánasteinn - Viðbrögð foreldra ekki alltaf góð þegar börn eru send heim.

Huldusteinn -

2.1.9. Hljóm-2

Hljóm-2 aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans. Skimunin er gerð til að finna þau börn sem eru í mögulegri áhættu fyrir lestrarerfiðleika síðar meir en slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestrarvanda hjá 88% barna. (9 af hverjum 10 börnum) (mms.is)



Starfsskýrsla Álfheima 2021-2022

	Góð færni	Meðal færni	Lág meðalfærni	Slök færni	Mjög slök færni
Rím	5	16	7	6	5
Samstöfur	1	18	14	5	1
Samsett orð	9	16	4	6	4
Hljóðgreining	4	7	27	1	0
Margræð orð	3	18	10	5	3
Orðhlutaeyðing	2	8	7	13	9
Hljóðtenging	2	6	7	9	15
Heildarniðurstöður	Aldursbil 1 (45-71 stig) 2	Aldursbil 1 (36-44 stig) 2	Aldursbil 1 (27-35 stig) 3	Aldursbil 1 (21-26 stig) 4	Aldursbil 1 (0-20 stig) 0
	Aldursbil 2 (53-52 stig) 1	Aldursbil 2 (42-52 stig) 2	Aldursbil 2 (32-41) 3	Aldursbil 2 (26-31 stig) 2	Aldursbil 2 (0-25 stig) 6
	Aldursbil 3 (58-71 stig) 2	Aldursbil 3 (47-57 stig) 1	Aldursbil 3 (38-46 stig) 5	Aldursbil 3 (32-37 stig) 4	Aldursbil 3 (0-31) 2



2.2. Matsáætlun

	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Skólapúlsinn - foreldrakönnun				
Stjórnun	x		x	
Viðmót og menning leikskóla	x		x	
Aðbúnaður	x		x	
Samstarf heimila og leikskóla	x		x	
Skólapúlsinn - starfsmannakönnun				
	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Starfshættir		x		x
Endurmenntun		x		x
Líðan		x		x
Þarfir		x		x
Starfsandi		x		x
Samskipti		x		x
Samstarf		x		x
Stjórnun		x		x
Viðmót og menning leikskóla		x		x
Aðbúnaður		x		x
TRAS - málþroskaskráning				
	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Líðan og þarfir leikskólabarna	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Námsaðferðir	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Hæfniviðmið	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Ferilmöppur				
	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Líðan og þarfir leikskólabarna	x	x	x	x
Námsaðferðir	x	x	x	x
Foreldrasamtöl				
	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Líðan og þarfir leikskólabarna	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Samstarf heimila og leikskóla	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Námsaðferðir	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Hæfniviðmið	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Starfsmannasamtöl				
	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Starfshættir	x	x	x	x
Endurmenntun	x	x	x	x
Líðan	x	x	x	x
Þarfir	x	x	x	x
Starfsandi	x	x	x	x
Samskipti	x	x	x	x
Samstarf	x	x	x	x
Endurmat deilda				
	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Læsi og samskipti	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor
Heilbrigði og vellíðan	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor
Sjálfbærni og vísindi	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor
Sköpun og menning	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor



Starfsskýrsla Álfheima 2021-2022

Gullin í grenndinni	vor	vor	vor	vor
Kennslu- og uppeldishættir	2x í mánuði	2x í mánuði	2x í mánuði	2x í mánuði
Námsaðferðir og hæfiviðmið	2x í mánuði	2x í mánuði	2x í mánuði	2x í mánuði
Endurmat deildarstjóra	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Tími	x	x	x	x
Mannauður	x	x	x	x
Búnaður	x	x	x	x
Endurmat á samstarfi leik og grunnskóla	x	x	x	x
Kennslu og uppeldishættir	x	x	x	x
Endurmat stjórnenda	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Fjármagn	x	x	x	x
Tími	x	x	x	x
Mannauður	x	x	x	x
Búnaður	x	x	x	x
Gullin í grenndinni	x	x	x	x
Samstarf heimila og skóla	x	x	x	x
Eigin vinna	x	x	x	x
Starfsáætlun	x	x	x	x
Starfsþróun	x	x	x	x
Skólanámskrárteymi	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Stefna		x		
Markmið			x	x
Námsmat		x		
Námssvið			x	x
Áherslur		x		



3. Börn, foreldrar og annað samstarf

3. 1. Barnahópurinn

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2020.

Fjöldi barna í leikskólanum 1. desember 2020 var 120

Aldursskipting	
Börn fædd 2015	40
Börn fædd 2016	21
Börn fædd 2017	25
Börn fædd 2018	28
Börn fædd 2019	6

Dvalartími – fjöldi barna	
4 klst	1
5 klst	2
6 klst	2
6,5 klst	1
7 klst	5
7,25 klst	1
7,5 klst	3
7,75 klst	3
8 klst	40
8,25 klst	10
8,5 klst	35
8,75 klst	17

3.1.1. Fjöldi barna sem nutu sérstaks stuðnings

Þessi skýrsla er unnin út frá skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2020.

Börn sem nutu sérstaks stuðnings* í leikskólanum Álfheimum á skólaárinu 2020-2021 voru fjórtán talsins og var stuðningurinn allt frá einstaklings þjálfun yfir í aukinn mannafla á deild sem meðal annars var nýttur til að skipta börnunum upp í minni hópa.

Börn með fatlanir í leikskólanum fengu þann stuðning sem þau eiga rétt á. Sérkennslustjóri og deildarstjórar héldu í sameiningu utan um teymisfundi, einstaklingsnámskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum. Í leikskólanum voru mynduð teymi um sex börn, teymisfundir voru þó heldur óreglulegir þetta skólaárið þar sem covid setti strik í reikninginn. Hjá átta af þeim fjórtán börnum sem hlutu sérstaks stuðnings í leikskólanum höfðu ekki verið mynduð teymi en þá voru haldnir svokallaðir stöðufundir.

Öll börn í elsta árgangi voru prófuð í Hljóm-2, almennt komu börnin vel út en ákveðið var að efla hljóðkerfisvitund enn frekar og var unnið með hljóðkerfisvitund m.a. í hringekjuverkefnum á báðum elstu deildum (Völusteini og Óskasteini). Að auki voru 26 börn sem fengu aðkomu sérkennslustjóra hvort sem það var til að efla hreyfifærni, félags- og/eða málproska barnanna í lengri eða skemmri tíma.

**Með sérstökum stuðningi í námi er átt við börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga. Ekki er gerður munur á því hvort stuðningur átti sér stað í nokkur skipti eða yfir allt árið.*



3.1.2. Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála

1. desember 2021 var í Álfheimum 21 tvítyngt barn og tungumálin 9.

3.2. Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna eins og allt samstarf þarf að fela í sér gagnkvæman skilning, samvinnu og virðingu af beggja hálfu. Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverjum og einum og dagleg samskipti eru einn mikilvægasti hlekkurinn milli fjölskyldu og leikskólans þar sem skipst er á upplýsingum um barnið.

Alla jafnan eru foreldrar ávallt velkomnir í leikskólann að fylgjast með og taka þátt í starfinu, auk þess að þeim er boðið að taka þátt í hinum ýmsu viðburðum.

Veturinn 2020-2021 var allt foreldrasamstarf þó litað af samkomutakmörkunum vegna covid-19. Aflýsa þurfti að mestu þátttöku foreldra í starfi leikskólans og samskipti dagsdaglega urðu að einhverju leyti erfiðari vegna nálægðartakmarkana og grímunotkunar. Foreldrasamtöl fóru einnig að einhverju leyti fram með rafrænt eða í símtölum.

3.2.1. Foreldraráð

Í foreldraráði voru þrjú foreldrar en hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla. Góð samvinna var við foreldraráðið í vetur þar sem þau komu að málefnum leikskólans.

3.2.2. Foreldrafundir

Kynningarfundir fyrir foreldra féllu niður vegna covid. Það á bæði við um kynningarfund fyrir nýja foreldra í júní svo og kynningarfund hverrar deildar að hausti þar sem farið er vanalega yfir komandi vetur. Upplýsingar til foreldra voru því að mestu sendar í tölvupósti og fréttabréfum deilda.

3.2.3. Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru alla jafnan tvisvar á skólaári, á haustönn og vorönn. Viðtölin hafa verið tekin í tengslum við TRAS málþroskaskráningu nema hjá elsta árangri þar sem niðurstöður Hljóm-2 og skólaskil eru meginviðfangsefni viðtalanna. Í vetur fóru foreldrasamtölin fram ýmist í leikskólanum, í símtölum eða rafrænt á Teams.

3.2.4. Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi Álfheima. Foreldrafélagið gaf eins og fyrri ár útskriftarnemendum handklæði að gjöf. Þá stóð foreldrafélagið að myndatöku af leikskólabörnunum, bæði voru teknar deildarmyndir og einstaklingsmyndir.

3.3. Fréttabréf

Fréttir voru settar á heimasíðu leikskólans <http://alfheimar.arborg.is/>, á tilkynningartöflur við hverja deild, í mánaðarlegum fréttabréfum hverrar deildar og með tölvupósti frá bæði deildarstjórum og skólastjórnendum.

3.4. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

3.4.1. Samstarf við skólaþjónustu Árborgar

Við höfum átt í góðum samskiptum við Skólaþjónustu Árborgar í vetur. Við Skólaþjónustuna starfa leikskólafulltrúi, kennsluráðgjafi tvítyngdra barna, sálfræðingar, talmeinafræðingar og kennsluráðgjafar. Þegar leikskólinn í samráði við foreldra telur þörf á að fá frekari aðstoð er leitað til Skólaþjónustu.

3.4.2. Samstarf leik- og grunnskóla

Gullin í grenndinni er samstarfsverkefni Álfheima og Vallaskóla en einu sinni í mánuði hefur hver skógarhópur elstu tveggja árganganna í Álfheimum hitt vinabekk úr Vallaskóla og saman farið í skógarferð. Vegna Covid-19 var einungis farin ein ferð þetta skólaárið.



Starfsskýrsla Álfheima 2021-2022

Önnur samskipti milli Álfheima og grunnskólanna voru í algjöru lágmarki þetta árið vegna Covid-19. Vorskóli og aðrar heimsóknir leikskólabarna í grunnskólana féllu niður. Einungis var farið í heimsókn á eitt frístundarheimili. Í vor voru skilafundir milli leik- og grunnskólanna þar sem gögnum væntanlegra grunnskólanemenda var skilað til grunnskólans.

3.4.3. Samstarf við háskóla

